

Alþingi
Erindi nr. P 136/84
komudagur 14.11.2008

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 14. nóvember 2008

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 36/1978 (26. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp um breytingu á lögum um stimpilgjald, þar sem lagt er til að skuldabréf og tryggingarbréf sem tryggð eru með veði í fasteign og gefin eru út til kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera undanþegin stimpilgjaldi. Þá er einnig lagt til að kaupsamningar og afsöl sem gefin eru út vegna kaupa á íbúðarhúsnæði skuli vera stimpilfrjáls. SFF styðja heilshugar að frumvarpið verði að lögum og vísa í því sambandi til umsagnar samtakanna um frumvarp um breytingu á lögum um stimpilgjald, 548. mál, sem var til umfjöllunar í efnahags- og skattanefnd á vorþingi 2008. SFF telja þó ekki nægilega langt gengið með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu. SFF ítreka það sjónarmið að rétt sé að afnema stimpilgjald í núverandi mynd, ekki einungis vegna kaupa á íbúðarhúsnæði. Samtökin leggja til að stimpilgjöld af útgáfu og viðskiptum með öll viðskiptabréf verði felld brott. Í því sambandi er vísað til samkeppnishæfni Íslands og alþjóðlegra áherslna á hlutleysi fjármagnsskatta. Stimpilgjöld hafa tilhneigingu til að leggjast oft á sama skattandlagið og þau ganga gegn almennum jafnræðissjónarmiðum. Afnáam stimpilgjalds af viðskiptabréfum myndi auka réttaröryggi og fækka ýmiss konar „æfingum“ sem menn stunda í því skyni að komast hjá greiðslu stimpilgjalds. Stimpilgjaldið veldur því m.a. að einstaklingar sækja í “einfaldari” lánsform, eins og yfirdrátt – sem er hins vegar almennt á hærri vöxtum enda aukin áhætta sem því fylgir fyrir lánveitanda að lána “án tryggingar”. Ef stimpilgjöld af skuldabréfum almennt yrðu afnumin er líklegt að a.m.k. hluti af yfirdráttarlánum færðist yfir í hefðbundin skuldabréfalán.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.